

35. fundur hverfisnefndar Lunda- og Gerðahverfis haldinn þann 10.02.2009 kl. 20:30.

Mættir voru á fundinn úr hverfisnefnd: Ingvar Þóroddsson, Bryndís Valdimarsdóttir og Þuríður S. Árnadóttir. Einnig voru mættar frá foreldrafélagi Lundaskóla. Kristín formaður og Vilborg.

Umræðuefni fundarins var Vorhátíð 16. maí.

-farið yfir síðustu vorhátíð hvernig hún tókst og hvað mætti betur fara.

-rætt um að fá aðstoð frá framkvæmdadeild bæjarins eins og verið hefur.

-virkja fólk sem býr á svæðinu ss. unglunga úr Lundaskóla, Kór aldraðra, börn úr leikskólum á svæðinu, kór Lundaskóla, KA-félagið og foreldrafélag Lundaskóla.

-einnig að þörf sé á að skipuleggja hreinsunina betur til að fá fleiri til að taka til hendinni.

Fundarmenn skiptu með sér verkum og fundi slitið.